

Bæjarstjórn Akureyrar
Geislagötu 9, 600 Akureyri.

Varðar húsnæði félagsstarfs eldri borgara á Akureyri.

Sem kunnugt er hefur Félag eldri borgara á Akureyri haft til afnota húsnæði fyrir félagsstarfsemi sína í Bugðusíðu 1, Akureyri.

Félagsstarfið er með miklum blóma og fer vaxandi. Nú er svo komið að húsnæði það sem um ræðir er orðið of lítið fyrir þá starfsemi sem þarf að fara fram á vegum félagsins og er raunar farið að hindra að hægt sé að verða við óskum og hugmyndum eldri borgara um félags- og tómsundastarf. Ekki þarf að tíunda það hér hversu mikilvægt það er eldri borgurum að geta komið saman til fræðslu og dægradvalar hverskonar og þar með blandað geði við annað fólk.

Á aðalfundi EBAK sem haldinn var 26. mars 2018 var því samþykkt tillaga um að stjórn félagsins tilnefndi fulltrúa sem hefðu það hlutverk að fá viðræður við fulltrúa Akureyrarbæjar um húsnæðismál EBAK.

Stjórn EBAK hefur skipað eftirfarandi til að annast viðræðurnar:

Hákon Hákonarson	hakon45@simnet.is sími 899 1088
Helga Jónsdóttir	kollisigurb@simnet.is sími 862 2098
Birgir Björn Svavarsson	birgirbjorn@internet.is sími 820 6822

Hér með er óskað eftir viðræðum við stjórnendur Akureyrarbæjar um húsnæðismál Félags eldri borgara á Akureyri og að þær geti hafist sem fyrst. Hafa skal samband við Hákon Hákonarson formann nefndarinnar um framhald málsins.

Akureyri 26. október 2018

Virðingarfyllt
f.h. Félags eldri borgara á Akureyri



Haukur Halldórsson formaður

AKUREYRARBÆR
Mótt.: 31.10.2018
Málsnr.: 2018/00452
Lykill: 03-111